

Fljótsdalshérað

Samþykkt um viðhald ljósabúnaðar á lögbýlum í dreifbýli á Fljótsdalshéraði, sem Fljótsdalshérað hefur kostað uppsetningu á

Fljótsdalshérað tekur að sér að viðhalda öllum ljósabúnaði á lögbýlum í dreifbýli Fljótsdalshéraðs, þar sem sveitarfélagið hefur kostað uppsetningu á ljósabúnaði, samkvæmt samþykkt þessari. Um er að ræða allan ljósabúnað sem Fljótsdalshérað hefur sett upp og kostað á undangengnum árum við lögbýli á Fljótsdalshéraði, þó aldrei meira en einum staur á bæ. Fjallar samþykkt þessi um viðhaldsskyldu sem Fljótsdalshérað mun framkvæma í áföngum, ár frá ári, þar til heildar yfirferð er lokið á öllum lýsingarbúnaði á viðkomandi lögbýlum.

Tekin skal afstaða til kostnaðar við viðhaldið sem fellur til við að framkvæma það, við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert og verður verkefnið bundið þeirri fjárhæð sem staðfest er af bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs. Ef fjárhæð sem ætluð er til verkefnisins dugar ekki verður hluta viðhaldsins frestað fram á árið á eftir.

Fljótsdalshérað mun semja við verktaka, eða bjóða út viðhald ljósabúnaðar eftir því sem við á hverju sinni. Sveitarfélaginu verður skipt upp í fimm svæði og verður eitt til tvö svæði tekin árlega til viðhalds. Verða þá öll lögbýli á því svæði sem tekin eru til viðhalds það árið heimsótt, farið yfir ljósabúnað, hann lagfærður og skipt út biluðum íhlutum og perum.

Fljótsdalshérað kemur til með að kosta allt viðhald umrædds búnaðar ásamt ferðakostnaði.

Verkefninu er skipt upp í eftirfarandi áfanga. Verður viðhaldi sinnt eftir dálknum,, unnið viðhald / ár “ hér að neðan:

Áfangi	Svæði	Uppsetningar ár	Fjöldi staura	Unnið viðhald / ár	Næsta viðhaldsár
1	Jökuldalur	1993	28	2008	2011
2	Eiðar og Hjaltastaðapinghá	1996	40	2008	2011
3	Tunga og Hlíð	2001	45	2009	2012
4	Fell og Vellir, áætluð uppsetning	2008	47	2012	2015
5	Skriðdalur, áætluð uppsetning	2009	23	2013	2016
		Samtals:	183		

Fljótsdalshérað áskilur sér rétt til að fresta viðhaldi ef ekki fást verktakar til að sinna viðhaldi innan tilskilins frests.

Fljótsdalshérað kemur ekki til með að sinna viðhaldi ljósabúnaðar utan þess tíma sem skilgreindur er samkvæmt „unnið viðhald / ár”. Ef lýsingarbúnaður á lögbýli bilar kemur Fljótsdalshérað ekki til með að viðhalda honum fyrir en röðin kemur að heildar viðhaldi á viðkomandi svæði. Verða því ábúendur lögbýla sjálfir að kosta viðhald lýsingarbúnaðar utan skilgreinds viðhaldstíma / árs.

Samþykkt þessi var staðfest af bæjastjórn Fljótsdalshéraðs dags. 23. janúar 2008.